

Tónfræði G2

Tónfræði G2 er beint framhald af Tónfræði G1. Undanfari er lágmarkseinkunn 7,0 í báðum hlutum tónfræði G1 (tónfræði og tónheyrn). Í Tónfræði G2 fást nemendur áfram við tónfræði og tónheyrn, að viðbættum viðfangsefnum í hlustun og greiningu.

Námsefni:

Tónfræði I eftir Aagot V. Óskarsdóttur og Guðrúnu S. Birgisdóttur (2. hluti)-lesbók og verkefnahefti (sama bók og í Tónfræði G1)

Tónheyrnarverkefni 2 eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur

Vinnubók í tónheyrn eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur eða mappa/bók með auðum nótnablöðum

Hlustun og greining-grunnám 1 eftir Þóri Þórisson



Bækurnar fást í Vaski.

Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í tónfræði G2.

Tónfræði

Nótnaritun

Nemandi

- geti beitt eftirtöldum hugtökum nótnaritunar: nótnaháls, nótnahöfuð (nótnahaus), nótnastrengur, þagnarmerki (þögn) og punktur á eftir nótu.
- þekki og skilji eftirtalin lengdargildi nótna ásamt samsvarandi þögnum: heilnóta, hálfnóta, fjórðapartsnóta, áttundapartsnóta, sextándapartsnóta.
- hafi náð góðum tókum á eftirtöldum ritreglum í skráningu tónlistar: stefnu og stöðu nótnahálsa, fána, bjálka, gerð aukalína og röð fastra liða.
- kunni skil á hækkunarmerkjum, lækkunarmerkjum og afturköllunarmerkjum.
- kunni skil á lausum og föstum formerkjum.
- kunni skil á nótnaritun í G-lykli.
- hafi náð grundvallartökum á nótnaritun í F-lykli.
- þekki og skilji eftirfarandi hugtök og samsvarandi tákni: niðurlagsmerki (lokastrík), endurtekningarmerki, volta, da capo, dráttarbogi/fermata og áherslumerki.
- þekki nótnanöfn á hljómborði.

Hrynur

Nemandi

- hafi öðlast skilning á og geti beitt eftirtöldum hugtökum: hrynur, taktur, takttegund, taktstrík, taktvísir, áhersla og upptaktur.
- geti beitt eftirfarandi taktvísum: $2/4$, $3/4$, $4/4$, \mathcal{C} .
- hafi þjálfast í að greina eftirtaldar takttegundir á blaði: $2/4$, $3/4$ og $4/4$.

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- þekki og geti skráð dúrtónstiga til og með tveimur formerkjum í G-lykli með lausum og föstum formerkjum.
- kunni skil á hugtakinu frumtónn (grunntónn).
- geti greint tóntegund skráðra laga í dúr til og með einu formerki.

Tónbil

Nemandi

- hafi þjálfast í notkun tölustafa við skráningu tónbila.
- kunni skil á hálftonsibili (litlu bili) og heiltónsbili (stóru bili).

Orð og tákni

Nemandi

- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum og táknum: f, forte, ff, fortissimo, p, piano, pp, pianissimo, mf, mezzoforte, mp, mezzopiano, crescendo og diminuendo.
- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum: largo, adagio, andante, moderato, allegro, presto, ritardando, accelerando og a tempo.
- skilji og geti beitt hugtökunum staccato, legato og tengibogi sem og samsvarandi táknum.
- skilji og geti beitt hugtökunum cantabile og dolce.

Tónheyrn

Hrynur

Nemandi

- hafi náð grundvallartökum á taktslætti í tví- og þrískiptum takti.
- skilji, geti beitt, flutt, greint á blaði og eftir heyrn eftirfarandi lengdargildi og hrynmyndur:



- geti greint, lesið, endurtekið eftir heyrn og skráð eftir heyrn framangreind lengdargildi og hrynmyndur.
- hafi þjálfast í að botna hrynhendingar í 2/4, 3/4 og 4/4.
- geti endurtekið eftir heyrn stutt hryndæmi þar sem fyrir geta komið framangreind lengdargildi og hrynmyndur.
- geti skráð eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4 og 4/4 þar sem fyrir geta komið framangreind lengdargildi og hrynmyndur.

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- hafi þjálfast í söng tónstiga, tónbila og hljóma.
- geti endurtekið eftirtalda tónstiga eftir heyrn: dúrtónstiga og pentatónískan tónstiga.
- geti greint eftir heyrn eftirtalda tónstiga: dúrtónstiga og pentatónískan tónstiga.
- geti greint eftir heyrn skrefahreyfingar og stökk.
- geti endurtekið eftir heyrn stuttar laglínur í tví- og þrískiptum takti í dúr þar sem fyrir kemur skrefagangur og/eða hljómnótur í grunnhljómi viðkomandi tóntegundar.
- geti sungið eða blístrað við fyrstu sýn ritaðar laglínur í C-, G- og F-dúr innan fimmundar þar sem fyrir kemur skrefagangur og/eða hljómnótur í grunnhljómi viðkomandi tóntegundar.
- geti skráð stuttar laglínur í C-dúr í 2/4- eða 3/4-takti á tónsviðinu c'-c'' þar sem fyrir kemur skrefagangur og/eða hljómnótur í grunnhljómi; miðað er við að upphafstónn og laghrynur sé gefinn.
- geti lesið nótur af blaði á nótnaheitum í C-dúr í G-lykli og F-lykli.

Tónbil

Nemandi

- geti endurtekið eftir heyrn eftirfarandi tónbil á eigin söngsviði: hreina einund, litla þríund, stóra þríund, hreina ferund, hreina fimmund og hreina áttund.

Hljómar

Nemandi

- geti endurtekið eftir heyrn brotna dúrþríhljóma í grunnstöðu.
- geti greint dúrþríhljóma eftir heyrn.

Hlustun og greining

Hrynur

Nemandi

- geti greint eftir heyrn laghryn, púls og taktáherslu í sönglögum.
- geti flutt laghryn, púls og taktáherslu við þekkt sönglög eða tónlist.
- geti greint eftir heyrn tvískiptan og þrískiptan takt.
- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun hrynhendinga.

Laglína og tóntegundir

- geti greint eftir heyrn hvort laglína í dúr, moll eða pentatóník.
- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun laglínuhendinga.

Hlustun, greining og saga

- hafi þjálfast í að lýsa blæ tónverka með eigin orðum.
- hafi þjálfast í að greina eftir heyrn tónhendingar og hendingaskil í sönglögum og einföldum tónverkum.
- hafi kynnst algengustu gerðum tveggja þátta forms, svo sem AB, AAB, ABA og AABA.
- hafi kynnst eftirfarandi tónlistarformum: keðja, þrástef, tilbrigði, rondó og lag með viðlagi.
- hafi kynnst valinni íslenskri tónlist frá ólíkum tímabilum.
- hafi kynnst valinni vestrænni klassískri tónlist.
- hafi kynnst valinni popp- og rokktónlist.
- hafi kynnst valinni blús- og djasstónlist.
- hafi kynnst valinni þjóðlaga- og heimstónlist.